

Miðvikudaginn 28. febrúar 1951.

Nr. 27/1950. **Jón Sveinsson** (Guttormur Erlendsson)
gegn

Byggingarsamvinnufélaginu Garði
(Theódór B. Línal).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Deila um rétt manns til skuldabréfaláns.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1950, gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að stefnda verði að viðlögðum dagsektum dæmt að afhenda áfrýjanda fimm ríkistryggð 5% skuldabréf, útgefin af stefnda 1. janúar 1948 sem Lítra A, hvert að fjárhæð kr. 5000.00, eða samtals kr. 25.000.00.

Varakrafa: Að stefnda verði dæmt að endurgreiða áfrýjanda kr. 25.000.00.

Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Sönnur eru ekki leiddar að því, að áfrýjanda hafi verið áskilinn réttur til skuldabréfaláns, er greitt var hinn 7. ágúst 1948 af hans hendi upp í bráðabirgðalán Byggingarsamvinnufélagsins Garðs. Brestur þegar af þeirri ástæðu rök til að taka kröfur áfrýjanda til greina. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um aðrar kröfur en málskostnað.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Garðs, á

að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Sveinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Bæjarþings Akureyrar 9. febr. 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 3. þ. m., hefur stefnandi, Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóv. s.l., á hendur stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Garðs, Akureyri, þeim Svafari Guðmundssyni bankastjóra, Hafnarstræti 107, formanni, Guðmundi Benediktssyni verkstjóra, Grænugötu 10, Halldóri Halldórssyni menntaskólakennara, Austurbyggð 8, Jóhannesi Jónssyni verzlunarstjóra, Grænugötu 4, og Sigurði M. Helgasyni bæjarfógeta-fulltrúa, Strandgötu 29, öllum hér í bæ, og gerir þær dómkröfur, að nefnd félagsstjórn verði dæmd til að afhenda stefnanda ríkistryggð skuldabréf Byggingarsamvinnufélagsins Garðs, að nafnverði kr. 25.000.00, eða til að endurgreiða sér nefnda upphæð í peningum. Enn fremur krefst hann málskostnaðar eftir mati dómara.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Stefnandi kveður málavexti þá, að sumarið 1946 hafi Byggingarsamvinnufélagið Garður hafið byggingu tveggja íbúðarhúsa við Grænugötu hér í bæ, með 4 íbúðum hvort. Stefnandi fékk eina af íbúðum þessum. Stjórn félagsins ákvað á sínum tíma að útvega hverjum íbúðareiganda lán, að upphæð kr. 75.000.00, þannig að félagið væri lántakandi, en íbúðar-eigendur greiddu félaginu lánsupphæðina með sömu kjörum og félagið nyti um lánskjör samkvæmt niðurlagi 16. gr. laga nr. 44/1946, enda starfar félagið samkvæmt þeim lögum. Félagið gaf út heildarskuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs til 25 ára, að upphæð 600 þúsund krónur, og var því skipt í 120 hlutdeildarskuldabréf á 5000 krónur hvert. Hugðist félagið selja bréf þessi og útvega lánsféð með þeim hætti. Fyrst í stað seldust skuldabréf félagsins ekki, og varð stefndi því að taka bráðabirgðalán fyrir félagið, kr. 593 þús., hjá útibúi Útvegsbankans á Akureyri, og fékk útibúið skuldabréfin öll að handveði fyrir láninu. Stefnandi kveðst hafa þann 7. ágúst 1948 greitt 25 þúsund krónur inn á bráðabirgðalán félagsins með því skilorði, að hann réði því sjálfur siðar, hvort hann keypti hjá félaginu hin ríkistryggðu handhafaskuldabréf fyrir upphæðina eða hvort hann lækkaði skuld sína við félagið sem upphæðinni næmi. Siðastliðinn vetur kveðst stefnandi hafa farið fram á það við stefnda, að hann fengi afhent skuldabréf félagsins fyrir upphæðinni, en því var synjað, og bar stefnandi þá fram kröfu sína um þetta í bréfi 29. marz s.l., en árangurslaust. Þá segir stefnandi, að jafnvel þótt ekki verði sannað, að fyrirvari hafi verið hafður um greiðsluna til Útvegsbankans, skipti það ekki máli, þar sem stefndi hafi heitið því, ef íbúðareigandi greiddi skuld sína við bankann, það er þann hluta skuldar félagsins við bankann, sem það

skuldar þar hans vegna, þá fái viðkomandi félagsmaður samsvarandi upphæð í bréfum til ráðstöfunar. Stefnandi kveðst hafa uppi kröfu þessa um afhendingu bréfanna, sökum þess að hann vilji færa sér í nyt hagstæð lánskjör hjá félaginu, sem hann eigi rétt á lögum samkvæmt. Komist dómarrinn að þeirri niðurstöðu, að stefndi geti ekki afhent bréfin, vegna þess að þau séu handveðsett í bankanum, telur stefnandi, að stefnda beri að endurgreiða sér fjárhæðina.

Stefndi gerir þannig grein fyrir sýknukröfu sinni, að stefnandi hafi upphaflega skuldað félaginu 75 þús. krónur, eins og aðrir íbúðareigendur. Þegar frá leið, tókst stefnda að selja skuldabréf fyrir kr. 200 þús., og naut stefnandi hagstæðra vaxtakjara af þeirri bréfasölu á 25 þús. krónum af skuld sinni. Síðan seldi stefnandi sjálfur bréf fyrir aðrar 25 þús. krónur og naut hagstæðari vaxtakjara af samsvarandi upphæð af skuld sinni. Þann 7. ágúst 1948 greiðir stefnandi síðan kr. 25 þúsund inn á hlaupa-reikningslán byggingarsamvinnufélagsins hjá útibúi Útvegsbankans á Akureyri án nokkurs fyrirvara og án þess að fara fram á að fá keypt skuldabréf byggingarfélagsins fyrir. Leit stefndi þá svo á, að hér væri um að ræða greiðslu upp í skuld stefnanda við félagið, og færði upphæðina honum til tekna. Löngu síðar hafi stefnandi síðan komið og krafist að fá afhent skuldabréf fyrir upphæðinni. Telur stefndi, að stefnandi eigi engan rétt á að fá aftur hækkaða skuld sína hjá félaginu. Auk þess hafi stefndi engan ráðstöfunarrétt á skuldabréfunum, þar sem öll þau bréf, sem óseld eru, séu handveðsett Útvegsbankanum fyrir fyrrgreindu bráðabirgðaláni félagsins, og samkvæmt veðsetningarskjalinu hafi bankaútibúið eitt ráðstöfunarrétt á bréfunum, þar til nefnt lán hefur verið að fullu greitt. Þá telur stefndi, að honum beri engin skylda til að endurgreiða stefnanda fé, er hann hefur goldið upp í skuld sína.

Jón Guðlaugsson sparisjóðsstjóri, sem greiddi umræddar kr. 25 þús. inn á reikning byggingarfélagsins við bankann, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að er hann greiddi peningana, hafi hann látið þess getið, að hann ætti helst að fá fyrir þá af þessum bréfum, en bankastjórinn hafi sagt, að ekki væri hægt að svo stöddu að láta þau. Stefndi mótmælir því, að þetta sé rétt, og bankastjórinn, er veitti fénu viðtöku, kannast ekki við, að beðið hafi verið um skuldabréfin fyrir upphæðina, enda hafi engin vandkvæði verið á að láta þau, ef farið hefði verið fram á það þá. Enginn fyrirvari er um þetta gerður á kvittun bankans fyrir upphæðinni. Þykir því ekki nægilega sannað, að fyrirvari hafi verið gerður um þetta, og þar sem leitt hefur verið í ljós, að margnefnd skuldabréf eru að handveði fyrir skuld félagsins í banka og stefndi hefur því engan ráðstöfunarrétt yfir þeim, á meðan svo er, er ekki unnt að taka til greina aðalkröfu stefnanda á hendur stefnda um afhendingu bréfanna. Ekki þykir heldur unnt að taka til greina varakröfu stefnanda um endurgreiðslu upphæðarinnar, þar sem ekki hafa verið færðar sönnur á, að fyrirvari hafi verið hafður, er féð var af hendi greitt.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, og ber

stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn Byggingarsamvinnufélagsins Garðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Sveinssonar, í máli þessu, og greiði stefnandi stefnda kr. 300.00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1951.

Nr. 96/1950. Jón Gíslason
 gegn
Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gíslason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1951.

Nr. 134/1950. H/f Skutull
 gegn
Brynjólfi Guðmundssyni

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f Skutull, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.